SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

# 493. fundur stjórnar SASS
## haldinn að Austurvegi 56 Selfossi
## miðvikudaginn 8. apríl 2015 kl. 12.00

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Anna Björg Níelsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ágúst Sigurðsson, Páll Marvin Jónsson, Sæmundur Helgason (í síma), Sandra Dís Hafþórsdóttir og Eyþór H. Ólafsson varamaður Unnar Þormóðsdóttur. Elín Einarsdóttir boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS og Þórður Freyr Sigurðsson, ráðgjafi SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð.

**Formaður setti fundinn kl. 12:00 og bauð fundarmenn velkomna.**

**Dagskrá:**

1. **Fundargerð síðasta fundar undirrituð.**
Undirrituð.

2. **Úthlutunarreglur verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands.**
Lagðar fram, kynntar og staðfestar.

3. **Hlutverk og verkefni samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Suðurlands.**
Samkvæmt 4. grein samnings um Sóknaráætlun Suðurlands er kveðið á um að landshlutasamtökin skilgreini hlutverk og verkefni samráðsvettvangs Sóknaráætlunar landshlutans.

   Stjórn SASS ákvarðar að hlutverk og verkefni samráðsvettvangsins séu að vinna að almennri stefnumörkun sem leiðarljós fyrir störf verkefnastjórnar Sóknaráætlunar á Suðurlandi og nánar eins og verkefnastjórnin gerir tillögu um.

   Framkvæmdarstjóra falið að óska eftir tilnefningum frá sveitarfélögum að aðilum til þátttöku, þar sem tryggð er sem breiðust aðkoma haghafa í landshlutanum, eins og kveðið er á um í samningnum. Samráðsvettvangurinn skal skipaður 30 einstaklingum. Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir tilnefningum.

4. **Ársþing SASS 2015.**
Staðfest dagsetning ársþings SASS sem haldið verður í Vík, 29. - 30. október nk.

5. **Skipulagsráðstefna á Suðurlandi – framhald málsins.**
Umræður um framhald málsins. Skýrsla um samantekt á upplýsingum frá skipulagsráðstefnunni er væntanleg og verður kynnt opinberlega og verður til umræðu á næsta fundi stjórnar. Framkvæmdastjóra falið að skoða nánar hugmyndir um framhald málsins.

6. **Önnur mál til kynningar og afgreiðslu.**

   a) **Skaftárhreppur til framtíðar.**
   Framkvæmdarstjóri kynnti stöðu verkefnisins.


| Aðsetur – Address: | Sími – Telephone: | Myndsendir – Fax: | Netfang – E-mail: | Kennitala – Id.no.: |
|---|---|---|---|---|
| Austurvegur 56<br>800 Selfoss<br>Iceland | 480 8200 | 480 8201 | sass@sudurland.is | 480775-0159 |

**b) Uppgjör á starfamessu.**
Framkvæmdarstjóri fjallaði um uppgjör verkefnisins.

**c) Rekstur Fræðslunetsins og Háskólafélagsins á Höfn.**
Framkvæmdarstjóra falið að ræða við forstöðumenn stofnananna í tengslum við leigukjör þeirra hjá sveitarfélögunum á Suðurlandi.

**d) Innanríkisráðuneytið; varðandi breytingar á ákvæðum samninga sem gerðir voru við samtök sveitarfélaga um tilraunaverkefni til að efla og þróa skipulag almenningssamganga milli byggðakjarna og tengingu við höfuðborgarsvæðið.**
Lagt fram til kynningar.

**c) ART verkefnið.**
Formaður og framkvæmdarstjóri kynnti samantekt á upplýsingum um ART verkefnið og upplýsti um framgang umleitana um áframhaldandi fjármögnun þess.

Fundi slitið kl. 14.20

Gunnar Þorgeirsson
Anna Björg Níelsdóttir
Eyþór Ólafsson
Eggert Valur Guðmundsson
Sæmundur Helgason
Ágúst Sigurðsson
Páll Marvin Jónsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Bjarni Guðmundsson
Þórður Freyr Sigurðsson